

Hafnarfirði, 31. ágúst 2026

Minnisblað fræðsluráð

Staða umsókna í frístundaheimilum Hafnarfirði

Staða 31. ágúst 2026

- 1.136 börn hafa sótt um vistun í frístundaheimilum Hafnarfjarðar.
- 1.051 barn hefur þegar fengið úthlutað pláss.
- 80 börn eru á biðlista eftir pláss.
- Biðlistar eru á fjórum af níu frístundaheimilum, en fimm frístundaheimili hafa getað boðið öllum umsækjendum pláss.
- Allar umsóknir sem eru nú á biðlista bárust eftir umsóknarfrest eða eftir 19. ágúst.
- Fjöldi barna á biðlista er mismunandi eftir starfsstöðvum, frá engum börnum upp í 37 börn á einum stað.
- Meirihluti barna á biðlista eru nemendur í 4. bekk, en einnig eru þar nokkur börn í 3. bekk.

Öll börn sem sótt var um fyrir innan tilskilins umsóknarfrests fengu pláss frá fyrsta degi skólaársins. Samkvæmt verklagi gildir umsókn um frístundaheimili fyrir eitt skólaár í senn, frá ágúst til júní, og umsóknir sem berast fyrir 15. júní njóta forgangs.

Markmið þessarar forgangsröðunar er að auðvelda mönnun og skipulagningu starfseminnar. Reynslan sýnir að mun betur gengur að tryggja nægjanlegt starfsfólk þegar umsóknir berast með góðum fyrirvara, en erfiðara getur reynst að bregðast við þegar mikill fjöldi umsókna berst skömmu fyrir eða eftir upphaf skólaárs.

Mönnun frístundaheimila hefur almennt gengið vel. Af níu frístundaheimilum voru fimm fullmönnuð við upphaf skólaárs. Biðlistar hafa myndast á fjórum starfsstöðvum í kjölfar fjölgunar umsókna sem bárust eftir 19. ágúst.

Áfram er unnið að ráðningum og gert er ráð fyrir að staðan leysist á næstu vikum. Frístundaheimilin vinna af fullum krafti að því að tryggja öllum börnum sem sótt hafa um pláss og mun sú vinna halda áfram þar til öllum börnum hefur verið boðin vistun.

Stella Björg Kristinsdóttir

Fagstjóri frístundastarfs og forvarna